

Fundur 13.10.2025 Sveinn Víkingur Þórarinnsson.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Já takk fyrir, tala ég hér úr stjórnusambandsstöð, gamalgróinni, er hér mikil þekking á þessum þekking á þessum sviðum og vona ég að orkan leyfi mér að tala til ykkar svolitla stund.

Og ekki get ég stílað inn á að vera lengi, en er það alveg greinilegt að truflun er til staðar, og það er hér upprisinn nálægt sambandsstöð sem hefur aðra tíðni og boðskap en okkar, og hefur það valdið truflunum, en reynum við að komast í gegnum það.

Og gleður það mig að komast í sambandið og vona ég að þið finnið frá mér styrkinn og mögnunina og er ég þakklátur öllum þeim sem á undan eru gengnir og sem hafa leiðbeint mér á þessari Nýalsbraut og tóku vel á móti mér.

Og hef ég verið hér í endurmenntun og hef ég verið að rifja upp allt sem ég kunni og skoða tækifærin á nýrri jörð.

Höfum við miklar áhyggjur af því að aflstöðin gamla á jörðinni sem þið tilheyrið sé orðin fámenn og þjóðin gamla okkar hefur ekki tekið við sér sem skildi og sé því erfitt að senda til ykkar magnan og sambönd, en munum við reyna eins og kostur er og þökkum við ykkur einlæglega og mikið fyrir að halda eins marga fundi og þið treystið ykkur til, því við notum hvert tækifæri sem gefst.

Og já hef verið í endurmenntun og bæði er hér margt sem kemur á óvart og svo er hér margt sem var búið að lýsa fyrir mér og sem ég gerði mér í hugarlund eftir frásögnum og passaði það nokkurn veginn alveg.

Og hefur verið mjög nytsamlegt að vera hér í tengslum við mér eldri menn sem hér hafa verið lengur og hefur þá einnig verið glatt á hjalla.

Kona mín er nokkuð hraust orðin og var snemma búin að ná sér vel og þótt öflugur sé sonur minn orðinn, þá er sorgin mikil að hverfa frá jörðinni og hafa vonast til að sigrá þann erfiða sjúkdóm sem ekki varð sigrður.

En hann er nú orðinn mjög öflugur einnig og hann finnur það engu síður að tækifærin eru jafnvel fleiri hér á framlífs jörð og vill senda ykkur bestu kveðjur og ættingjum eins og við gerum bæði.

Og ætlaði ég að segja ykkur frá umskiptum þeim sem urðu á mér við flutninginn yfir á framlífs jörðina.

Og,

*Þú ert Sveinn Víkingur ?*

Já Sveinn Víkingur.

*Velkominn.*

Takk fyrir, tengist það frænda mínum Þorsteini, ekki nei, föður hennar Guðrúnar, kenningum um drauma, en það var öllu heldur, ég kallaði það draum, en það var skynjun, en ég næ ekki alveg að rifja þetta upp, þetta er djúpt í minninu.

Ég þarf að koma síðar til að ná tökum á þessu betur, en

*Þú sem sagt skynjaðir eitthvað áður en þú varst kominn með nýjan líkama, ert þú að meina það ?*

Já ég,

*Tengdafaðir þinn var nú viss um að það væri ekki hægt.*

Já, í umskiftunum já, já já það tengist því.

En hér hefur mér boðist starf að kenna þeim sem vilja um Nýalsfræðin og tengd málefni og ætla ég kannski að nýta mér það.

Og já þið megið vera viss um að við erum öll orðin öflug hér í framlífi og sendum ættingjum okkar bestu kveðjur, en óskum þess að þau hafi það sem best og,

*Ég kom einmitt við á Úlfsstöðum um daginn, og það var gaman að koma þarna í fyrsta skipti.*

Já, í fyrsta skipti já, það var einmitt það, og þú hefur fundið anda liðins tíma, er það ekki ?

*Jú jú, hann sonur þinn Þorsteinn Víkingur, fór með mig um gamla húsið og sýndi mér.*

Já ég bið innilega að heilsa honum og ég vil einnig þakka honum fyrir þær góðu stundir sem við áttum áður en ég fór af þessari jörð ykkar.

*Já við skilum því.*

Og já já það er nú sérstaklega hann tengdafaðir minn sem er öflugur og talar um að stefna hærra og hærra, Þorsteinn á Úlfsstöðum og þeir sem hafa verið lengi eru mjög áfram um að halda starfinu áfram.

Og sumt sem hægt er að segja að sé framfara skref, já við fylgjumst vel með ykkur og reynum að senda ykkur orku eins og hægt er, og reynum að komast í sambandið við tækifæri.

Bið ykkar að senda okkar bestu kveðjur og mínar, og kveð ég þá að sinni.

Verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir komuna, blessaður Sveinn.*